



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands
snerti fundur 13. desember 2010 kl. 13.00 – 15.30
Austurvegi 56 Selfossi

Á fundinn voru mætt: Ásbjörn Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir, varamaður og Sædís Íva Elíasdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig var mættur Davíð Samúelsson framkvæmdastjóri. Forföll boðuðu, Margrét Eggertsdóttir, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Sigrún Kapítóla.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fjármál

- Fjárhagsáætlun 2011:
Davíð fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir 2011. Samkvæmt áætluninni verða tekjur MSS 29.1 mkr. og gjöld 27.9 mkr. Hagnaður ársins er þá 1.2 mkr. Stjórn samþykkir framlagða áætlun.
- Samstarfsaðilar sveitarfélög:
Davíð gerði grein fyrir endurnýjun samninga við sveitarfélögin. Ölfus hefur samþykkt þátttöku í MSS en þeir hafa ekki áður verið með. 5 önnur sveitarfélög hafa staðfest áframhaldandi þáttöku.
- Samstarfssamingur við ferðaþjónustuaðila:
Davíð lagði fram drög að samstarfssamningi við ferðaþjónustuaðila. Stjórn samþykkir drögin með þeim breytingum sem ræddar voru, þ.e. að taka út annað og þriðja neðsta paragrafið.

Sýningar á næsta ári:

Davíð lagði fram tillögu að sýningum til að taka þátt í.

- Mid-atlantic
- Matka
- ITB – Berlin
- Vest Norden
- Atvinnulífssýning Ráðhúsinu
Samþykkt að Davíð velji sýningar innan ramma fjárhagsáætlunar.

Heimasíða

- Stöðumat :
Davíð kynnti þær breytingar sem hafa verið unnar á heimasíðunni.
- Áframhald á samningi vegna vinnu við heimasíðu

Kynninga ljósmyndasamkeppni

- Rætt um hugsanlega ljósmyndasamkeppni til að auka safn ljósmynda í eigu MSS

Starfsáætlun

- Davíð kynnti drög að starfsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30